

Skagabyggð
Vignir Sveinsson
Höfnum
545 Skagaströnd



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. mars 2013
Tilvísun: UST20130300010/bs

Efnistaka vegna endurbyggingar Skagavegar (745)-Umsögn

Vísað er til bréfs Skagabyggðar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Hér er um að ræða fyrirhugaða efnistöku úr námum í landi Efri-Harrastaða og Skeggjastaða og í landi Kurfur (sic).

Í landi Efri-Harrastaða er fyrirhugað að taka um 7.800 m³ af efni úr opinni námu. Að efnistöku lokinn ætti að gæta þessa að brjóta bakka námunnar vel niður þannig að frágengið námusvæði falli betur að landi. Þegar lagður hefur verið nýr námuvegur ætti að afmá eldri slóð að námunni.


Í landi Skeggjastaða er áætlað að taka um 4.500 m³ af efni úr opinni námu. Leggja ætti áherslu á að fella frágengið svæði vel að landi.

Í landi Kurfur (sic) er gert ráð fyrir að tína um 100 m³ af grjóti af yfirborði frágenginnar námu. Ummerki um þessa efnistöku ættu að verða lítil og auðvelt að ganga frá þeim.

Ef ráðgert er að taka meira efni á einhverju þessara svæða sem ekki eru á aðalskipulagi ætti að færa þau svæði inn á aðalskipulag sveitafélagsins. Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur